



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 11/2018

Staðsetning bréfabassa í dreifbýli.

I. Erindið

Með tölvupósti, dags. 11. maí 2018, barst Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) erindi frá Íslandspósti hf. (hér eftir ÍSP) vegna ágreinings fyrirtækisins við ábúendur að [...]¹, um staðsetningu bréfabassa. Erindið var skráð í málaskrá (*mál nr. 2018050020*) þann 14. maí 2018 og málið var tekið til efnismeðferðar hinn sama dag. ÍSP óskaði eftir því að PFS skæri úr ágreiningi sem fyrst.

II. Málavextir

2.1 Erindi ÍSP til PFS, dags. 11. maí 2018.

Í erindi ÍSP er málavöxtum lýst svo að fyrirtækinu barst erindi símleiðis þann 30. apríl 2018 frá [...]² (hér eftir ábúandi) sem varðaði staðsetningu á bréfabassa við sveitabæ hans við [...]³. Í erindi ÍSP kemur fram að um ræðir tvo bæi, [...]⁴, en vegalengd frá vegamótum [...] og heim að [...]⁵ mælist 630 metrar en örlítið styttra er að [...]⁶. Meðfylgjandi erindinu voru afstöðumyndir af bæjunum og nærliggjandi svæði.

Að sögn ábúanda voru bréfabassar áður fyrr við bæina en fyrir tveimur árum voru þeir færðir við vegamót [...]⁷ af aðila á vegum Póstsins. Þar voru bréfabassarnir staðsettir eða allt þar til í vetur, janúar eða febrúar árið 2018, þegar einhver virðist hafa ekið niður kassana. Ábúendur voru þá upplýstir um að setja þyrfti upp nýja bréfabassa svo að útburður pósts gæti haldið áfram en þangað til þyrftu þeir að sækja póst á pósthúsið á [...]⁸.

Ábúendur [...]⁹ keyptu nýja bréfabassa en færðu þá heim að hlaði án samráðs við ÍSP. Fyrirtækið telur að sú aðgerð hafi verið röng og tilkynnti ábúendum að dreifingu bréfpósts yrði hætt enda jafngilti slík tilfærsla á kössum að móttökuskilyrði pósts væru ekki lengur uppfyllt. Af þeim sökum hefur bréfpósti ekki verið ekið heim að hlaði í bréfabassa og verður það ekki

¹ Fellt brott vegna trúnaðar.

² Fellt brott vegna trúnaðar.

³ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁴ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁵ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁶ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁷ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁸ Fellt brott vegna trúnaðar.

⁹ Fellt brott vegna trúnaðar.

gert fyrir en kassarnir verða færðir aftur á sinn stað við vegamótin. Ábúendum var tilkynnt um þetta í byrjun marsmánaðar þessa árs. Þannig hefur staðan verið um nokkurt skeið og hafa ábúendur sótt póstinn sinn á pósthúsið á [...] ¹⁰.

Um kröfu ábúanda segir í erindi ÍSP:

„Í stuttu máli þá er [...] ¹¹ óánægður með að bréfastassinn hans hafi verið færður fyrir um 2 árum og vill meina að sú ráðagerð hafi ekki verið samkvæmt reglugerð og vill fá úrskurð um hvort að núverandi staðsetning póstkassa út á hlaði sé heimil. Ábúandi telur að ákvæði reglugerðar eigi ekki við [...] ¹² þar sem þar eru nokkur heimili (2 til 4) ásamt því að þar sé skráð fyrirtæki.“

Um kröfu póstsins segir í erindi að:

„Krafa Póstsins er sú að ábúendur setji upp póstkassa á sama stað við vegamót og þeir voru áður, enda sé það megin regla samkvæmt reglugerð 364 grein 16... „Ef vegur er allt að 500 metrar skal bréfastassinn vera staðsettur við vegamót safnvega við tengiveg eða stofnveg“.

Rök Póstsins liggja í að hér verði að framfylgja reglugerðum og að haga beri póstdreifingu á sem hagkvæmastan máta. Einnig ber að benda á að ábúendur gerðu engar munnlegar eða skriflegar athugasemdir til Póstsins á sínum tíma vegna tilfærslu póstkassanna fyrir 2 árum og kom því þessi tilfærsla og síðar krafa ábúenda á óvart. Pósturinn telur að staðsetning við þessi vegamót sé alveg eðlileg og í anda póstreglugerðar og laga um póstpjónustu og það sé ekki íþyngjandi fyrir íbúa að sækja póst þessa vegalengd, engu skiptir hvort að séu 2 eða 4 heimili (eitthvað óljóst) og skráð fyrirtæki. Aðstæður við [...] ¹³ eru alveg sambærilega og hjá mörgum öðrum margbýlum víða um land og flest sveitabú eru einnig skráð sem fyrirtæki.

Það er alveg ljóst að það er ástæða fyrir því að jafnaði er ekki er ekið heim á hlað nema með skráðar sendingar. Heimreiðar eru lang seinfærustu akstursleiðirnar og jafnframt þær hættulegustu. Yfir vetrarmánuðina eru heimreiðar oft illa (eða jafnvel ekki) mokaðar, mikil hálka getur myndast og þær því seinfærar í akstri sem lengir leiðir landpósta. Á hlaðinu eru oft húsdýr laus og hafa orðið slys vegna þeirra. 1-3 mín aukaakstur á hvern bæ getur getur þýtt 120 -180 mín lengri heildarleið landpósta og það er ekki hægt að réttlæta betri þjónustu við einn bæ af því að það gæti verið lítið mál að bæta við akstri.“

Í niðurlagi erindis ÍSP segir að hugsanlega mætti í þessu tilviki deila um hvort að bréfastassinn ætti að vera nákvæmlega 500 metra frá heimili eða hvort þurfi að aka lengra inn á afleggjarann (allt að 100 metra) en ábúandi hefur þó ekki óskað eftir slíku. Ef að slíkt telst vera eðlileg og rétt staðsetning þá mun ÍSP sætta sig við það. Það hljóti þó að vera tilgangur reglugerðar að 500 metra fjarlægðarmörkin séu viðmið sem hnika megi örlítið frá ef aðstæður t.d. við að snúa bíl eru slæmar, þegar pósti er dreift (eða hann sóttur) í póstkassa, fyrir báða aðila.

¹⁰ Felld brott vegna trúnaðar.

¹¹ Felld brott vegna trúnaðar.

¹² Felld brott vegna trúnaðar.

¹³ Felld brott vegna trúnaðar.

2.2 Bréf PFS til ábúanda, dags. 16. maí 2018.

Með bréfi, dags. 16. maí 2018, bauð PFS ábúanda að tjá sig um erindi ÍSP og taka afstöðu til þess hvort að núverandi staðsetning bréfastöð væri í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 364/2003 um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu. Ef svo væri þá væri þess óskað að sú niðurstaða væri rökstudd.

2.3 Bréf ábúanda til PFS, dags. 29. maí 2018.

Með tölvupósti, þann 29. maí 2018, barst svarbréf frá ábúanda en þar segir m.a. að þegar bréfastöð hafi verið fluttir fyrir um tveimur árum þá hafi ábúendur ekki verið upplýstir né hafi þeim verið kynntar þær reglur sem gilda um póstdreifingu eða staðsetningu póstkassa. Enginn hafi verið sáttur við þessa aðgerð en öll samskipti hingað til vegna þessa máls hafi verið munnleg. Jafnframt segir í bréfinu að ábúendur telji að með fjarlægðarmörkum 16. gr. reglugerðar nr. 364/2003, þá sé andi laganna svo að ef að vegurinn sé lengri þá sé póstkassi hafður heim við bæ en ekki einhvers staðar á leiðinni. Ekki sé æskilegt að bílar séu mikið að þvera vegi vegna snúninga. Heimreiðar séu oftast ekki í fullri breidd og allir snúningar því erfiðari.

Ábúandi gerir athugasemdir við hagkvæmnirök ÍSP og spyr hvort að fyrirtækið sé ekki með einokun á dreifingu. Ef um opinbera verðlagningu væri að ræða þá sé væntanlega gert ráð fyrir því í verðmyndun að keyrt sé heim að bæjum. Þá spyr ábúandi hvort ekki væri skynsamlegra að pósturinn keyri heim heldur en að senda alla aðila til að sækja póstinn, þá er lítið gefið fyrir það að óljóst sé hve mörg heimili séu að [...] ¹⁴. Ef pósturinn viti það ekki, hver eigi þá að vita það.

Hvað varðar rök ÍSP um að heimreiðar geti verið hættulegri þá segir í bréfi ábúandi:

„Þegar pósturinn talar um að heimreiðar séu erfiðar og hættulegar vil ég benda á það að flest tjón vegna lausagöngu búfjár séu á aðalvegum ekki á heimreiðum heim að bæjum. Einnig eru skólabörn sótt hér á bæina alla virka daga og þurfa að hlaupa á hlöðunum á milli hús og skólabíls og hefur ekki orðið slys á þeim svo vitað sé. En telji póstsendlarnir sig meiri hættu að teygja sig út um gluggann á hlaðinu er það kannski efni í sérstakt rannsóknarverkefni fyrir póstinn. Einnig eru flutningabílar hér alla daga bæði að sækja mjólk og grænmeti. Veginum er haldið opið alla daga. Safnvegurinn [...] ¹⁵ er að hluta malarvegur sem pósturinn þarf að keyra hvort sem hann kemur heim að bæ eða ekki. Sé safnvegurinn ruddur eða heflaður er heimkeyrslan það líka þannig að það er ekki hægt að tala um að heimkeyrslan sé síðri.

Einhverjar viðmiðunarreglur verða menn að hafa og eru þær til og er því óþolandi að fyrirtæki skuli ekki fara eftir þeim heldur reyni endalaust að snúa út úr þessu. [...] ¹⁶ Þetta snýst um að á hvorum enda heimreiðarinnar kassarnir séu. Þetta sýnist ansi einfalt sé heimreiðin allt að 500 metrum skal bréfastöðin vera staðsett við safnveg en sé hann lengri sé hann keyrður heim að bæ.“

¹⁴ Felld brott vegna trúnaðar.

¹⁵ Felld brott vegna trúnaðar.

¹⁶ Felld brott vegna trúnaðar.

III. Lagaumhverfi

3.1 Almenn

Heimild aðila til að bera ágreiningsefnið undir PFS fjarskiptastofnun byggir á 10. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003. Samkvæmt ákvæðinu geta neytendur eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta, beint kvörtun til PFS, ef þeir telja að fjarskiptafyrirtæki eða póstreikandi brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða lögum um pósthjónustu, eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í almennum heimildum, réttindum eða í rekstrarleyfi. PFS er skylt að leita álits viðkomandi fyrirtækis á kvörtuninni og skal jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila.

3.2. Lög um pósthjónustu nr. 19/2002

Íslandspóstur hf. er opinbert hlutafélag að fullu í eigu íslenska ríkisins. Í lögum um pósthjónustu nr. 19/2002, reglugerð um alþjónustu nr. 364/2003 og í rekstrarleyfi fyrirtækisins, dags. 3. desember 2007, er skyldum fyrirtækisins að því er varðar þjónustuna og gæðum hennar lýst. Samkvæmt rekstrarleyfi Íslandspósts skal fyrirtækið gegna skyldum ríkisins, skv. 6. gr. laga um pósthjónustu og tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að alþjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Þær kröfur sem eru á Íslandspósti undir merkjum alþjónustu eru m.a. skylda til að halda úti neti afgreiðslustaða, sbr. reglur nr. 504/2003¹⁷, lágmarksopnunartími afgreiðslustaða, ásamt skyldu til að setja upp póstkassa til móttöku á póstsendingum á landinu öllu. Samkvæmt 21. gr. laga um pósthjónustu skal PFS tryggja að alls staðar á landinu sé alla virka daga borinn út póstur sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt.¹⁸ Þá er í 31. gr. laganna fjallað um móttöku og afhendingu póstsendinga. Í 4. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að póstsendingu skuli dreift til eða afhent þeim aðila sem hún er stíluð á eða hefur umboð til viðtöku hennar, í bréfaþakka eða pósthólf viðtakanda eða þangað sem að utanáskrift segir að öðru leyti til um.

3.3 Vegalög

Í 16. gr. reglugerðar um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu er vikið að því að skilgreiningar vegalaga á þjóðvegum gildi eftir því sem við á. Í núgildandi vegalögum nr. 80/2007, er í III kafla laganna kveðið á um flokkun vega. Samkvæmt 6. gr. laganna skiptist vegakerfi landsins í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir og sveitarfélagsvegir mynda síðan eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins. Í 7. gr. segir að Vegagerðin heldur skrá yfir alla vegi landsins eða svokallaða vegaskrá. Þjóðvegum er skipað í flokka eftir ákveðnum reglum: Stofnvegir eru hluti af grunnkerfi samganga eins og það er skilgreint í samgönguráætlun hverju sinni, sjá nánari a-lið 2. mgr. 8. gr. laganna. Tengivegir eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 2 km langir, sjá nánar b-lið 2. mgr. 8. gr. laganna. Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar, sbr. c-lið 2. mgr. 8. gr. laganna. Býli samkvæmt vegalögum er íbúðarhúsnæði þar sem föst búseta er og skráð lögheimili. Sveitarfélagsvegir eru vegir innan þéttbýlis sem ekki teljast þjóðvegir, eru í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálsrar

¹⁷ Reglur nr. 504/2003 um staðsetningu, fyrirkomulag og öryggismál á afgreiðslustöðum fyrir pósthjónustu.

¹⁸ Með reglugerð nr. 868/2015 um breytingar á reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu nr. 364/2003 voru útfærð nánari skilyrði fyrir fækkun dreifingardaga innan alþjónustu.

umferðar, sbr. 9. gr. vegalaga og í 11. gr. segir að einkavegir séu vegir sem hvorki teljast þjóðvegir né sveitarfélagsvegir og eru í eigu einstaklinga.

3.4 Um reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu nr. 364/2003

Um staðsetningu bréfastofna í dreifbýli gildir nú 16. gr. reglugerð nr. 364/2003 um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu, líkt og henni var breytt með reglugerð nr. 868/2015, en sá hluti ákvæðisins sem kemur til álita í þessu máli er svohljóðandi:

„Hús í merkingu þessarar greinar tekur til íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis. Skilgreiningar vegalaga á þjóðvegum gilda eftir því sem við á.

Við val á staðsetningu bréfastofna skal eftirfarandi lagt til grundvallar:

[...].

Dreifbýli:

Í dreifbýli þar sem bifreiðar eru notaðar við póstdreifingu skal miða staðsetningu bréfastofna við að landpóstur þurfi ekki að stíga út úr bíl sínum við meðhöndlun póstsendinga.

Ef heimreið (héraðsvegur) er allt að 500 metrar skal bréfastofninn vera staðsettur við vegamót tengivega eða stofnvega. Að jafnaði skal bréfastofni ekki vera staðsettur fjær en 500 metra frá húsi. Ef bréfastofnar frá fleiri en einu húsi eru staðsettir við vegamót skulu þeir að jafnaði samsettir í bréfastofnasamstæðu.

Við eftirfarandi aðstæður er heimilt að víkja frá ofangreindu varðandi staðsetningu bréfastofna.

1. Ef tvö hús eða færri eru að meðaltali á hverja 2.000 metra tengivega eða stofnvega.
2. Ef ekkert vegasamband er við húsið.
3. Þegar viðkomandi hús er staðsett langt utan við almenna byggð.
4. Ef aðrar aðstæður hindra eðlilegan akstur, t.d. seinfærir eða hættulegir vegir.

Nái móttakendur pósthjónustu ekki samkomulagi við rekstrarleyfishafa um staðsetningu bréfastofna þegar aðstæður eru með þeim hætti sem fram koma í tölulíðum 1-4 geta móttakendur fengið póst afhentan á afgreiðslustað rekstrarleyfishafa, sem þeir kjósa.

Ef ekki næst samkomulag um staðsetningu bréfastofna og/eða afhendingu póstsendinga á annan hátt getur hvor aðili um sig borið ágreiningsefnið undir Póst- og fjarskiptastofnun, sbr. 10. gr. laga nr. 69/2003.

Rekstrarleyfishafi skal senda til Póst- og fjarskiptastofnunar skrá yfir þá viðtakendur póstsendinga, sem falla undir tölulíði 1-4 og gera grein fyrir þeim úrræðum sem valin eru í hverju tilviki.

Að jafnaði skal fara heim að húsi þegar afhenda skal skráðar sendingar.

Viðtakendur póstsendinga í dreifbýli þar sem bréfastofnar eru staðsettir við heimreiðar skulu frá og með 1. janúar 2016 bera kostnað af kaupum, uppsetningu

og viðhaldi þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um stærð og frágang bréfaþakassa sem staðsettir eru við heimreiðar.“

IV. Forsendur og niðurstaða

Líkt og fram kemur í erindi ÍSP, sem og athugasemdum ábúenda, lýtur ágreiningur aðila að staðsetningu bréfaþakassa fyrir [...] ¹⁹. Fyrirtækið krefst þess að ábúendur setji upp kassana á sama stað og þeir voru áður en ekið var á þá eða við vegamót [...] ²⁰ og heimreiðar [...] ²¹, enda sé það samkvæmt meginreglu 16. gr. reglugerðar nr. 364/2003, þ.e. að miðað sé við 500 metra sem hljóti að mega að hnika til við ákveðnar aðstæður. Ábúendur telja að núverandi staðsetning bréfaþakassa við bæjarhlaðið sé heimil þar sem að ákvæði fyrrnefndrar reglugerðar segir að ef að heimreið er allt að 500 metra löng skal bréfaþakassinn vera staðsettur við vegamót en annars sé hann keyrður heim að bæ.

[...].²²

Upplýst er í málinu að heimreiðin að [...] ²³ er svokallaður héraðsvegur í skilningi vegalaga. Samkvæmt vegaskrá Vegagerðarinnar er vegurinn af tegundinni D, þ.e.a.s. vegur með einni akrein og útskotum.²⁴ Lengd heimreiðar að [...] ²⁵ frá vegamótum, þar sem staðsetning bréfaþakassa var áður, er um 630 metrar (sjá mynd 1).

Að mati PFS gefa gögn málsins ekki tilefni til þess að ákvarða staðsetningu bréfaþakassa á grundvelli þeirra undantekninga sem tilgreindar eru í 16. gr. reglugerðar um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu, þar sem þær aðstæður sem lýst er í tölulíðum 1.-4. ákvæðisins eiga ekki við í máli þessu.

Fjarlægðin frá íbúðarhúsum [...] ²⁶ að bréfaþakösum við vegamót er umfram hina almennu reglu um að ef heimreið (héraðsvegur) er allt að 500 metrar skal bréfaþakassinn vera staðsettur við vegamót tengivega eða stofnvega. Að jafnaði skal bréfaþakassi ekki vera staðsettur fjær en 500 metra frá húsi. Samkvæmt orðalaginu *að jafnaði* virðist vera gert ráð fyrir að atvik geti verið með þeim hætti að réttlætánlegt sé að víkja frá meginreglunni um 500 metra fjarlægð að húsi án þess að hin fyrrnefndu undantekningartilfelli komi til skoðunar. Að mati PFS, sbr. ákvörðun PFS nr. 4/2009²⁷, kæmi slíkt frávik aðeins til greina ef lengd héraðsvega eða tengivega frá vegamótum og að húsi sem afhenda ber póstsendingar er nálægt þeim 500 metra viðmiðunarmörkum sem sett eru og aðstæður allar með þeim hætti að óhentugt er eða sérstaklega kostnaðarsamt að miða við 500 metra mörkin sem gefin eru upp sem þeirri meginreglu sem fara skal eftir.

Samkvæmt framangreindu er viðmunarreglan um að bréfaþakassi skuli að jafnaði ekki vera staðsettur í lengra en 500 metra fjarlægð frá húsi ekki óundanþæg. Hún felur heldur ekki í sér að ábúandi eigi rétt á því að fá póstinn afhentan heim að dyrum sé fjarlægð hentugrar

¹⁹ Felld brott vegna trúnaðar.

²⁰ Felld brott vegna trúnaðar.

²¹ Felld brott vegna trúnaðar.

²² Mynd felld brott vegna trúnaðar.

²³ Felld brott vegna trúnaðar.

²⁴ Vegagerðin (2018). [Vegaskrá 2017 – kaflaskipt](http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/). Sótt þann 14. júní 2018 af <http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/vegaskra/>

²⁵ Felld brott vegna trúnaðar.

²⁶ Felld brott vegna trúnaðar.

²⁷ Ákvörðun nr. 4/2009, Íslandspóstur gegn ábúendum á nokkrum bæjum í Helgafellssveit, staðsetning bréfaþakassa.

staðsetningar bréfa kassa umfram 500 metra. Þar sem slíkum rétti er ekki til að dreifa í því tilviki sem hér um ræðir lýtur úrlausnarefnið að því að finna hentugan stað fyrir staðsetningu bréfa kassana. Í því sambandi þarf að horfa bæði til hagsmuna póstviðtakanda og hagkvæmni- og hagræðissjónarmiða póstreka kanda.²⁸ Báðir aðilar hafa tjáð sig um eiginleika heimreiðar m.t.t. umferðar. Þótt PFS leggi ekki mat á það hvort að heimreiðar séu hættulegri en aðrar tegundir vega, verður að telja ljóst, eins og reyndar kemur fram í athugasemdum ábúandans sjálfs, að heimreiðar séu oftast ekki í fullri breidd og allir snúningar á þeim því erfiðari. Þá bendir ábúandi einnig á að ekki sé æskilegt að bílar séu mikið að þvera vegi vegna snúninga. PFS getur fallist á þessi sjónarmið og telur því, eins og hér háttar til, að það sé eðlilegra og ákjósanlegra að staðsetja bréfa kassana, við vegamót heimreiðarinnar eins og Íslandspóstur gerir kröfu um, þrátt fyrir að sú staðsetning sé aðeins fjær þeirri veglengd sem hin undanþæga viðmiðunarregla gerir ráð fyrir. Ætla verður að það sé haganlegra fyrir landpóst að nota það rými sem skapast við vegamót sem útskot fyrir bifreið á meðan verið er að koma póstsendingu til skila í bréfa kassa.

Póst- og fjarskiptastofnun telur að út frá fyrirbyggjandi gögnum sé eðlilegt að miða við að bréfa kassar sem þjóna eigi [...] skuli staðsettir við vegamót [...] ³⁰.

Ákvörðunarorð

Fallist er á kröfu Íslandspósts hf. að staðsetning bréfa kassa fyrir [...] ³¹ skuli vera við vegamót [...] ³² og hún sé í samræmi við þær meginreglur sem fram koma í 16. gr. reglugerðar um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu nr. 364/2003.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 5. júlí 2018

Hrafnkell V. Gíslason

Arnar Stefánsson

²⁸ Ályktun um að það beri einnig að taka tillit til hagræðis póstreka kanda við staðsetningu bréfa kassa birtist t.d. með skýrum hætti í 9. mgr. 16. gr. reglugerðar um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu nr. 364/2003, eins og henni var breytt með reglugerð 868/2015, en þar segir: „Í dreifbýli þar sem bifreiðar eru notaðar við póstdreifingu skal miða staðsetningu bréfa kassa við að landpóstur þurfi ekki að stíga út úr bíl sínum við meðhöndlun póstsendinga.“

²⁹ Felld brott vegna trúnaðar.

³⁰ Felld brott vegna trúnaðar.

³¹ Felld brott vegna trúnaðar.

³² Felld brott vegna trúnaðar.